



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

Umsögn skólaráðs vegna

viðbótarhúsnæðis

Framhaldsskólakynning

Breytingar á húsnæðismálum— færanlegar kennslustofur

Notum endurskinsmerki

Aðgát í akstri við skólann

Pistill skólastjóra

Kæru viðtakendur

2013

Ég vil byrja á því að senda öllum í skólasamfélaginu okkar bestu óskir um gleðilegt ár með þökkum fyrir gjöfult samstarf á liðnum árum.

VIÐBÓTARSKÓLAHÚSNÆÐI Í UMRÆÐUNNI Í FRÆÐSLURÁÐI

Vikurnar fyrir jól sem og undanfarin misseri hafa verið miklar umræður í pólitíkinni í bænum um viðbótarhúsnæði við Áslandsskóla.

Málin hafa verið rædd í fræðsluráði og rétt fyrir jólin óskaði fræðsluráð eftir álitni skólaráðs Áslandsskóla. Ráðið var þegar kallað saman og sendi frá sér ályktun/umsögn sem tekin var fyrir á fundi fræðsluráðs 7. janúar 2013 en ályktunina má finna í miðopnu blaðsins.

Það væri of langt mál að fara að rekja hina löngu baráttu sögu skólasamfélagsins í Áslandi fyrir viðbótarhúsnæði við skólann. Bókun skólaráðs lýsir í raun vel hvernig staðan er. Í raun eru það nokkur ár síðan skólayfirvöld með dyggum stuðningi foreldra byrjuðu að benda á þann vanda sem biði okkar yrði ekkert að gert.

Ég ætla ekki að blanda mér í pólitíska umræðu um Áslandsskóla að sinni. Vonaðist reyndar að skólinn yrði ekki pólitískt bitbein eftir tímabilið 2001-

2002, en kannski er bara jákvætt að stjórnmalafólk hafi alltaf mikinn áhuga á Áslandsskóla og málefnum skólans, húsnæði og starfi.

FÆRANLEGAR STOFUR OG AÐRAR FÆRSLUR INNANHÚSS

Kringum áramót voru færanlegar kennslustofur settar upp á skólalóðina. Gert er ráð fyrir því að þær verði komnar í notkun fyrir 1. febrúar n.k. Stofurnar verða heimastofur nemenda í 7. bekk skólans. Við þetta verða aðrar færslur. Þannig fer Díana aftur í tónmenntastofuna, Elín fer með Hnjúkaheima í stofu 212, Ásdís með Fjallheima í stofu 211 og stofa 210 verður heimastofa Álfaheima. Heilsdagsskólinn mun í kjölfarið nýta stofu 219 undir sína starfsemi auk heilsdagsskólarýmis.

TIL HAMINGJU INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR

Ég vil að endingu nota tækifærið og óska Ingibjörgu Einarasdóttur skrifstofustjóra á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, innilega til hamingju með heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til eflingar lestrarhæfni grunnskólanema.

Ingibjörg er "móðir" Stóru upplestrarkeppninnar og ómetanlegur stuðningsaðili skólanna í Hafnarfirði sínu daglega starfi.

Leifur S. Garðarsson, skólastjóri

GOÐI segir:



Nú eiga menn að vera samtaka um að byggja við Áslandsskóla, líkt og lofað hefur verið síðan Goði man eftir sér.

FLÓRGOÐINN er fréttablað ÁSLANDSSKÓLA

Öll tölublöð Flórgoðans er hægt að finna á vefsetri skólans

<http://www.aslandsskoli.is/florgodinn.htm>

VIÐBÓTARSKÓLAHÚSNÆÐI

Umbeðið álit skólaráðs Áslandsskóla

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Eyjólfur Sæmundsson, formaður

Sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar

Magnús Baldursson

Hafnarfirði 14.12.2012

Efni: Umsögn skólaráðs Áslandsskóla vegna beiðni fræðsluráðs frá 11.12.2012

Háttvirtu viðtakendur

Skólayfirvöld Áslandsskóla og Foreldrafélag Áslandsskóla hafa á undanförunum árum lagt fram margar fyrirspurnir og sent bæjaryfirvöldum nokkur bréf er varða húsnæðis- og lóðamál Áslandsskóla.

Í bréfum þessum höfum við lagt á borð bæjaryfirvalda skýringar og röksemdir fyrir því að nemendur í Áslandsskóla sitja ekki við sama borð og aðrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði hvað varðar lengd skóladags og skólahúsnæði almennt.

Skólasamfélagið í Áslandi hefur einnig átt formlegar og óformlegar viðræður við bæjaryfirvöld, ráðamenn og starfsfólk sveitarfélagsins varðandi framtíðaruppbyggingu Áslandsskóla. Þær viðræður hafa ávallt snúist um mikilvægi þess að byggt verði viðbótarhúsnæði með fjórum kennslustofum auk íþróttasalar.

Það var okkur því mikið fagnaðarefni að lesa fundargerð fræðsluráðs frá 26.11.2012, sérstaklega tillögu númer 1. Þar segir: „Byggt verði íþróttahús með fjórum kennslustofum við

Áslandsskóla og tekið í notkun haustið 2013. Rekstrarkostnaður er nettó allt að 14 m.kr. á næsta ári, en framkvæmdin yrði fjármögnuð af fasteignafélaginu og er verið að skoða það sérstaklega. Húsið yrði í eigu bæjarins frá upphafi. Fyrirvari er um að samningar náist við eigendur Áslandsskólalóðarinnar undir þetta nýja hús“.

Að sama skapi og við fögnuðum ofangreindu vinnuferli kom okkur í opna skjöldu tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks frá fundi fræðsluráðs frá 10.12.2012. Þar segir m.a. í tillögu 2 undir 9. lið og yfirheitinu „Betri nýting skólahúsnæðis“: Þar sem ekki liggur fyrir að hægt sé að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir í bænum á næstu mánuðum vegna skuldastöðu sveitarfélagsins og ákvæða í lánasamningum við lánadrottna samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að leita leiða til að leysa húsnæðisvanda við Áslands- og Hraunvallaskóla með öðrum hætti en viðbyggingum.

Meirihluti fræðsluráðs, fulltrúar Samfylkingar og VG, bókuðu í kjölfarið: „Fullyrðingar í inngangi tillögu fulltrúa Sjálfstæðismanna um að ekki sé unnt að fjármagna eðlilega uppbyggingu skólamanntvirkja í Hafnarfirði til að bæta aðstöðu og mæta fjölgun nemenda eru rangar.“

Skólasamfélagið er einróma sammála um mikilvægi þess að nemendur séu ekki sendir út úr hverfinu til að sækja íþóttir og annað skólastarf. Ljóst er að þessi staða Áslandsskóla er ekki til skamms tíma heldur vandamál til lengri tíma og er það því krafa skólasamfélagsins að staðið sé við það skipulag og þau loforð sem gefin hafa

VIÐBÓTARSKÓLAHÚSNÆÐI

Umbeðið álit skólaráðs Áslandsskóla frh.

verið um uppbyggingu hverfisins. Lengi hefur verið ljóst að eitthvað þyrfti að gera í húsnæðismálum Áslandsskóla.

Það að bera fyrir sig að ekki sé fjármagn til að stækka skólann getur ekki verið réttur skilningur fulltrúa í fræðsluráði. Bent skal á 68. gr. laga nr. 138/2002 þar sem eftirfarandi kemur fram: *"Sveitarfélag má ekki veðsetja öðrum tekjur sínar. Ekki heldur fasteignir eða aðrar eignir sem það á og eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt, sbr. 67. gr. Aðrar eignir má veðsetja til tryggingar lánnum sem sveitarfélag tekur til eigin þarfa og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess."* Með vísan til þessarar greinar má telja að hvert það ákvæði í lánaskilmálum sem takmarkar uppbyggingu á lögbundnum verkefnum sé ólöglegt og standi því ekki í vegi fyrir eðlilegum framkvæmdum. Leysa þarf úr framtíðarvanda Áslandsskóla strax. Langtímaúrræði, viðbótarbygging með fjórum kennslustofum og íþróttasal er þar eina vitræna lausnin að okkar mati. Vandinn er fyrir hendi í dag, vandinn hefur verið fyrir hendi undanfarin misseri og vandinn kemur bara til með aukast ef ekki verður hafist handa við þá framtíðarlausn sem viðbygging er.

Í dag er fyrirlestrarsalur heimastofa bekkjar í unglíngadeild og þjónar því alls ekki þeim tilgangi sínum sem lagt var upp með. Kennslustofa við heilsdagsskóla er nýtt sem heimastofa bekkjar og nýtist því ekki starfsemi heilsdagsskólans að því marki sem lagt var af stað með, auk þess sem rými heilsdagsskólans minnkar að sama skapi. Náttúrufræðistofa er nýtt sem heimastofa bekkjar og er ekki hentug sem slík vegna ýmissa

tækja og tóla sem þar eru. Lítið eldhús á efri hæð sem er ætlað til heimilisfræðikennslu er heimastofa bekkjar og nýtist því ekki í list- og verkgreinakennslu. Tónmenntastofa er heimastofa bekkjar og kennsla í tónmennt því á víð og dreif um húsið, m.a. í hátíðarsal sem er jafnframt mikið upptekinn vegna morgunstunda og ýmiss konar fræðsluheimsóknna. Eitt hópherbergja er notað sem skrifstofa námsráðgjafa.

Þess utan er kostnaður vegna skólaaksturs í íþróttir og sund um 15 milljónir árlega. Stundatafla nemenda Áslandsskóla hefur undanfarin ár alla jafna verið lengri fram á daginn vegna þessa. Slíkt truflar óneitanlega möguleika nemenda héðan á öðru tólmundastarfi og hefur áhrif á æfingatíma íþróttafélaga, tónlistarnám og fleiri tólmundir.

Huga þarf að velferð barna í Áslandsskóla og hagsmunum þeirra.

Skólasamfélagið í Áslandsskóla fer fram á að bæjaryfirvöld verði samtaka í að hefjast handa við byggingu viðbótarhúsnæðis með fjórum kennslustofum og íþróttasal við skólann sem tekið verði í notkun haustið 2013. Þannig og aðeins þannig verður leyst úr þeim húsnæðisvanda sem skólasamfélagið í Áslandi býr við.

Samþykkt í skólaráði Áslandsskóla 14.12.2012

Leifur S. Garðarsson, Unnur Elfa Guðmundsdóttir, Smári Snær Sævarsson, Birgitta Rós Skarphéðinsdóttir, Ólafur Þórarinnsson, Ása Marín Hafsteinsdóttir, Halldóra Hafsteinsdóttir, Axel Guðmundsson, Kristín Dóra Sigurjónsdóttir, Róbert Rúnarsson

FRAMHALDSSKÓLAKYNNING

Fimmtudaginn 24. janúar kl. 17:00-18:30 verður kynning á námsframboði framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Kynningin fer fram í aðalsal Flensborgarskóla og er fyrir nemendur í 10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar og foreldra þeirra.

Hver framhaldsskóli verður með kynningarbás þar sem námsframboð og inntökuskilyrði verða kynnt.

Þetta er kjörið tækifæri fyrir 10. bekkinga og foreldra þeirra til að kynna sér hvað framhaldsskólarnir hafa upp á að bjóða.

Námsráðgjafar grunnskólanna í Hafnarfirði

Námsráðgjafar Flensborgarskóla

NOTUM ENSDURSKINSMERKI

Rétt þykir á áréttu mikilvægi þess að nemendur séu með endurskinsmerki á fatnaði sínum.

Með notkun endurskinsmerkja er hinn almenni vegfarandi að auka öryggi sitt til muna, hann sést fimm sinnum fyrr þegar hann lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Best er að velja fatnað sem er með endurskini á. Ef endurskin er ekki til staðar á fatnaðinum þarf að hafa laus endurskinsmerki á sér. Endurskinsmerkin þurfa að vera þannig staðsett að ljósgeisli frá bíl falli á þau hvort sem bíllinn kemur á móti eða aftan að vegfaranda.

AÐGÁT Í AKSTRI VIÐ SKÓLANN

Skólayfirvöld vilja ítreka að ökumenn aki gætilega, sérstaklega við gangbrautir og í kringum skólann t.d. á bílastæði. Allt of algengt er að verið sé að aka nemendum í skólann og ökumenn stöðvi bifreið sína á miðri gangbraut fyrir framan skólann. Það er auðvitað fullkomlega óheimilt og þar að auki stórhættulegt athæfi.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri